

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 188/2013

2014/EES/19/10

frá 8. nóvember 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2013 frá 19. mars 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) í næringarefnablöndur sem eru ætlaðar til notkunar í matvæli fyrir ungbörn og smábörn ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 256/2013 frá 20. mars 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á natríumskorbati (E 301) í D-vítamínblöndur sem eru ætlaðar til notkunar í matvæli fyrir ungbörn og smábörn ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0244:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2013 frá 19. mars 2013 (Stjútíð. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 3),
- **32013 R 0256:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 256/2013 frá 20. mars 2013 (Stjútíð. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 244/2013 og (ESB) nr. 256/2013, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 3.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 24.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.